

Íslenskt sauðfé í Norður-Ameríku

Guðmundur Jóhannesson og Fanney Ólöf Lárusdóttir
Búnaðarsambandi Suðurlands (www.bssl.is)

INNGANGUR

Seint á nítjándu öld munu 6 íslenskar kindur hafa verið fluttar til Manitoba í Kanada en áhrif þeirra urðu að sjálfsögðu ákaflega lítil. Árið 1985 flutti Stefanía Sveinbjarnardóttir, á Yeoman Farm í Ontario í Kanada, íslenskt sauðfé til N-Ameríku, nánar tiltekið til Kanada. Um var að ræða 10 ær og 2 hrúta (Stefanía Sveinbjarnardóttir-Dignum 1986). Árið 1990 endurtók Stefanía leikinn og flutti 76 kindur til Kanada. Þannig ruddi hún brautina fyrir íslenskt sauðfé þar ytra enda hefur hún ávallt haldið því fram að íslenska sauðkindin eigi eftir að heilla íbúa N-Ameríku. Eitt er víst að fáir hefðu trúað því fyrir 17 árum að við ættum eftir að sjá jafnmargt íslenskt fé í N-Ameríku og raun ber vitni og að við myndum selja hrútasæði þangað fyrir aldamót.

ÚTBREIÐSLA

Smám saman hefur íslenska féð ná æ betri fótfestu í N-Ameríku. Helstu áfangar á þeirri leið eru:

- Sala á íslensku fé frá Kanada til Bandaríkjanna.
- Stofnun ræktunarsamtaka íslensks sauðfjár í N-Ameríku, ISBONA.
- Útflutningur á djúpfrystu hrútasæði til Bandaríkjanna.
- Val íslensku sauðkindarinnar sem aðalkyn sýningarinnar “Featured Breed of the Show” í Rhinebeck, New York haustið 2001.

Sala á íslensku fé frá Kanada til Bandaríkjanna

Eftir að Stefanía flutti íslenskt sauðfé til Kanada í seinna skiptið fór hún fyrir alvöru að huga að útflutningi til Bandaríkjanna. Hún hafði orðið fyrir áfalli er mæði/visna kom upp hjá henni fyrir seinni innflutninginn og þurfti hún að skipta hjörðinni í tvennt og taka öll lömb undan strax við fæðingu. Það var mikil vinna að gefa um 60 lömbum í nokkrar vikur en Stefanía gafst ekki upp og 1992 seldi hún fyrstu íslensku kindurnar til Bandaríkjanna. Kaupandinn var Barbara L. Webb á Jager Farm í Massachusetts. Síðan þá hefur fjöldi íslensks sauðfjár í Norður-Ameríku margfaldast. Í árslok 1999 voru 1.961 íslensk sauðkind skráð hjá Canadian Livestock Records Corporation (CLRC) en það fyrirtæki skráir allt skýrslufært sauðfé í Bandaríkjunum og Kanada. Á árinu 1999 voru skráðar 595 nýskráningar íslensks fjár hjá CLRC (2000) og árið eftir bættust 989 við þannig að í árslok 2000 voru alls 2.950 íslenskar kindur skráðar í N-Ameríku. Íslenska sauðkindin var þannig í 5. sæti allra sauðfjarkynja þar vestra miðað við fjölda nýskráninga það árið (CLRC 2001). Íslenski stofninn er þó agnarsmár enn ef við miðum við heildarfjölda sauðfjár í Bandaríkjunum sem er 8,3 milljónir (NASS 2001).

Stofnun ræktunarsamtaka íslensks sauðfjár í N-Ameríku

Fljótlega eftir að fyrsta íslenska féð var flutt til Bandaríkjanna fengu fleiri áhuga á íslensku sauðkindinni og hún hefur nú dreifst víða þarlendis. Ræktendur íslensks sauðfjár í Norður-Ameríku stofnuðu fyrir nokkrum árum Samtök ræktenda íslensks sauðfjár í Norður-Ameríku (e. Icelandic Sheep Breeders of North America), skst.

ISBONA) og halda samtökin úti heimasíðu, www.isbona.com. Þar má finna lista yfir ræktendur og á honum eru 64 ræktendur í 23 fylkjum Bandaríkjanna og 2 fylkjum Kanada. Þessi listi er ekki tæmandi og íslenskt sauðfé finnst víðar í Bandaríkjunum, m.a. í Alaska, Flórída og á Hawaii. Abbott (2001) segir íslenskt sauðfé vera á tæplega 100 búum, mest allt hreinræktað. Það er í raun aðdáunarvert hvernig þessi harðgerða skepna nær að aðlagast jafn ólíku veðurfari og raun ber vitni og ótrúlegt að hún skuli þola loftslagið sem er víða í N-Ameríku. Á mynd 1 má sjá dreifingu þessara 64 ræktenda sem taldir eru upp á heimasíðu ISBONA.



Mynd 1 Dreifing þeirra ræktenda íslensks sauðfjár í N-Ameríku sem taldir eru á heimasíðu ISBONA (www.isbona.com og www.mapquest.com).

Útflutningur á djúpfrystu hrútasæði til Bandaríkjanna

Vegna smæðar stofnsins er ljóst að innblöndun þarf vegna hættu á skyldleikarækt en allt íslenska sauðféð í N-Ameríku er ættað úr innflutningi Stefaníu til Kanada 1985 og 1990. Haustið 1998 var í fyrsta skipti flutt sæði út til Bandaríkjanna frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands að tilstuðlan Barböru L. Webb, Stefaníu Sveinbjarnardóttur og Susan Mongold í Montana. Um var að ræða djúpfryst sæði. Síðan þá hefur útflutningur á sæði til Bandaríkjanna verið árlegur og búið er að flytja út vel á þriðja þús. skammta. Árangur úr sæðingum þar ytra hefur verið mjög góður eða 75% en sætt er gegnum kviðarhol (laboroscopic) en ekki skeið eins og hérlendis (Guðmundur Jóhannesson 1999).

Val íslensku sauðkindarinnar sem aðalkyn sýningarinnar "Featured Breed of the Show" í Rhinebeck, New York haustið 2001

Íslenska sauðkindin varð fyrir valinu sem aðalkynið "Featured Breed of the Show" á árlegri sauðfjár- og ullarsýningu í Rhinebeck í New York-fylki í október s.l. Með þessu má segja að íslenska sauðkindin hafi hlotið mikla viðurkenningu sem kyn þar vestra en það er mikilvægt fyrir frekari útbreiðslu hennar. Af þessu tilefni tók Sauðfjársæðingastöð Suðurlands þátt í sýningunni og sendi utan fjóra aðila, m.a. undirrituð. Á sýningunni dæmdum við bæði íslenska féð og íslensku ullina sem sýnd var. Mun það nokkuð áreiðanlega vera í fyrsta skipti sem íslenskt sauðfé er dæmt skv. íslenska dómstiganum í Ameríku. Einnig tókum við þátt í aðalfundi ISBONA sem haldinn var í tengslum við sýninguna, m.a. með erindi um íslenska sauðfjárrækt, afkvæmarannsóknir og líflambaval. Eftir erindið rigndi yfir okkur spurningum og var áhuginn takmarkalaus hjá þessu fólki (Guðmundur Jóhannesson o.fl. 2001).

AFURÐIR OG AFURÐAVERÐ

Íslenska sauðkindin er fjölnytja kyn og er nýtt sem slíkt þar ytra. Afurðir þess eru gærur, ull, mjólk og kjöt. Verðmæti afurðanna er ólíkt því sem hér gerist eins og sjá má á eftirfarandi upptalningu:

- Gærur \$ 90-175/stk. (kostn. við sútun og vinnslu er \$ 25-30).
- Ull Heil reyfi \$ 10/kg hvít, \$ 16/kg mislit, \$ 30/kg lambsull
Spunull \$ 50/kg (þvegin og kembd)
Lopi \$ 50-55/kg.
- Mjólk \$ 1,20-1,60/liter (fer eftir efnainnihaldi).
- Ostur \$ 10-16/kg (breytilegt eftir tegundum).
- Fé á fæti \$ 500-1000/lamb til lífs.
- Horn \$ 12-100 parið.
- Kjöt \$ 9/kg í heilum skrokkum.
\$ 12/kg kótelettur og læri (Mongold 2001a og 2001b).

Því sem næst allar afurðir eru seldar af eigendunum sjálfum þannig að um er að ræða fremur smáan sérmarkað. Hins vegar verður einnig að hafa í huga stærð markaðarins en í N-Ameríku búa um 350 milljón manns. Afurðir rétt um 3.000 kindu eru því eins og dropi í hafið. Öll framleiðsla sauðfjárafurða á Íslandi er agnarsmá samanborið við það magn sauðfjárafurða sem framleitt er vestra og er það þó aðeins brotabrot af heildarframleiðslu landbúnaðarværa þar.

Helstu afurðirnar eru ull og gærur enda er verðið hátt fyrir góða vöru. Fólk reynir að vinna vörurnar sem mest sjálft til þess að auka verðgildið og þar með arðsemina. Susan Mongold (2001, munnleg heimild) segist flokka ullina mjög mikið fyrir vinnslu og vinna hana eftir gæðum. Þannig fari lakasta ullin í mottur og teppi en betri ullin í band, garn og lopa. Sala á lifandi fé hefur einnig gefið góðar tekjur og mun gera það svo lengi sem kynið er enn í útbreiðslu.

Mjólkurframleiðsla og ostagerð er gefinn æ meiri gaumur enda flytja Bandaríkja- og Kanadamenn inn gríðarlegt magn sauðaosta. Árið 1994 voru t.d. flutt inn 130 þúsund tonn af sauðaostum til Bandaríkjanna og var verðmæti þeirra um 118 milljónir dollara (Mitchell 1996). Sauðaostar eru líka margir hverjir meðal frægari osta í heiminum og nægir þar að nefna osta eins og Roquefort, Feta, Ricotta og Pecorino Romano sem allt eru upphaflega sauðaostar. Eina býlið sem framleiðir sauðmjólk með íslensku fé í dag er True North Farm í Hudson-dal í New York-fylki. Þar voru 65 ær mjólkaðar á s.l. ári en ætlunin er að fara upp í um 220 ær. Í fyrstu er mjólkað annað málið en lömbin

eru færð frá 4-6 vikna gömul. Ærnar eru síðan mjólkaðar í 5-6 mánuði. Meðalnytin reyndist vera 1,05 kg á dag til jafnaðar á mjólkurskeiðinu. Það samsvarar 172,5 kg á mjólkurskeiðinu (165 daga). Þurrefnisinnihaldið var hátt og fór í lok mjólkurskeiðsins vel upp fyrir 20% (Jim Londagin 2002, persónuleg heimild). Jim Londagin (2001, munnleg heimild) segir íslensku sauðkindina vera júgurhrausta (frumutalan var mun lægri en hjá öðrum búum í nágrenninu), auðvelda í hirðingu, harðgerða og auðtamda. Hún geri einnig mun minni kröfur til fóðurgæða en t.d. East Friesian.

Kjötið er sem stendur aðeins aukaafurð enda fæst mun hærra verð fyrir fé á fæti auk þess sem aðrar afurðir gefa betur af sér. Hins vegar hefur það vakið athygli fyrir bragðgæði og meyrni. Athyglisvert er að reynt er að nýta sem mest af sauðkindinni og eru hornin t.d. vinsæl söluvara enda framboðið mjög takmarkað.

RÆKTUN OG AÐBÚNAÐUR

Það hefur greinilega háð íslenskri sauðfjárrækt í N-Ameríku hve stofninn er smár. Með útflutningi sæðis frá Íslandi hefur þetta breyst töluvert og nýir möguleikar í ræktun opnast. Við dóma á fénu í Rhinebeck var greinilegt að sæðingarnar eru þegar farnar að skila mun betra vaxtarlagi. T.d. stiguðust veturgamall Þéttisson upp á 83,5 stig og lambhrútur undan Eir upp á 82,5 stig meðan að meðalstigun lá nærri 78,5 stigum (Guðmundur Jóhannesson o.fl. 2001).

Aðbúnaður og fóðrun eru gjörólík því sem við þekkjum hérlendis. Lítið er um beit nema á ræktað land enda varla hægt að beita skógana eða óræktuð svæði vegna rándýra, s.s. bjarndýra og úlfa. Heyið er misjafnt að gæðum en sé það blandað alfaalfa eða smára er það í góðu meðallagi. Hins vegar skortur töluvert á kunnáttu varðandi meðferð og fóðrun.

Flestir hýsa féð einhvern hluta ársins, a.m.k. þar sem vetrarríkis gætir. Þar getur frostið farið niður í 30-40 °C frost. Sumarhitinn getur að sama skapi orðið nánast óbærilegur á stundum eða um og yfir 40 °C. Ekki er annað að sjá en íslenska féð aðlagist þessu loftslagi og miklu veðurfarssveiflum nokkuð vel.

LOKAORÐ

Allt bendir til þess að draumur Stefaniú Sveinbjarnardóttur hafi rætst og íslenska sauðkindin náð að festa sig í sessi í N-Ameríku. Útbreiðsla kynsins hefur verið mjög ör undanfarin ár og enn er ekki séð fyrir endann á henni. Fyrir Ísland og okkur Íslendinga er þetta mikil landkynning sem við eigum að geta nýtt í okkar þágu. Þar má horfa til aukinnar ferðamennsku og útflutnings afurða og þekkingar á sauðkindinni og sauðfjárrækt. Við megum ekki gleyma því að hérlendis hefur verið byggt upp eitthvert alskipulagðasta skýrsluhald í heiminum auk þess sem ræktunarstarfið er óvenju almennt og öflugt. Þarna er mikið forskot sem við getum nýtt okkur til útflutnings á fagþekkingu. Í því sambandi má einnig nefna allar þær rannsóknir og vitneskju sem við höfum viðað að okkur gegnum árin varðandi fóðrun og meðferð sauðfjár. Þar er mikill fjársjóður sem vel má nýta ef rétt er á haldið.

Við megum þó ekki gleyma því að við getum lært heilmikið af því fólki sem ræktar íslenskt sauðfé í Vesturheimi. Áhuginn, dugnaðurinn og eljan eru einstök og það gætum við tekið okkur til fyrirmyndar í mörgu. Við megum ekki loka augunum eða vera fordómafull fyrir nýjum tækifærum eins og því miður er alltof oft raunin. Ef lítið er til verðs og markaðar fyrir sauðamjólki er það eitt af því sem við eigum að huga að

þó það kunnir að hljóma hjákátlega í fyrstu. Vissulega hafa samtök sauðfjárbænda stutt sókn á nýja markaði og nýbreytni í sauðfjárframleiðslu. En það þarf meira til og framtíðarsýn sauðfjárræktarinnar þarf og verður að taka mið af því að kjöt er ekki eina afurðin sem íslenska sauðkindin skilar af sér. Ræktendur íslensku sauðkindarinnar í Vesturheimi trúa á starf sitt og reyna af fremsta megni að nýta allar tiltækar afurðir. Af hverju ekki við? Er sauðfjárræktin á Íslandi í þeirri stöðu að hún hafi efni á að velja og hafna?

HEIMILDIR

- Abbott, E., 2001. *The Icelandic Fleece. A Fibre for All Reasons*. Elizabeth & Ron Abbott, PO Box 400, Verona, Ontario K0H 2W0, Canada, 96 s.
- CLRC, 2000. Sheep registered in 1999. Canadian Livestock Records Corporation. [www.clrc.on.ca/sheepreg1999.html] 18.1.2002.
- CLRC, 2001. Sheep registered in 2000. Canadian Livestock Records Corporation. [www.clrc.on.ca/sheepbybr2000.html] 18.1.2002.
- Guðmundur Jóhannesson, 1999. Útflutningur á hrútasæði. Í: *Hrútaskrá 1999-2000*, 4.
- Guðmundur Jóhannesson, Fanney Ólöf Lárusdóttir & Helga Thoroddsen, 2001. *Skýrsla um þátttöku Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands í sauðfjársýningu, Rhinebeck, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku 20.-21. október 2001*. Til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 14 s.
- Mitchell, R.D., 1996. A snapshot of The Dairy Sheep Industry. College of Agric. & Life Sci. Univ. of Wisconsin-Madison. [www.cals.wisc.edu/media/news/10_96/1096dairy_sheepsnap.html] 17.1.2002.
- Mongold, S., 2001a. Spring Newsletter 2001. Tongue River Farm Newsletter, 4 s.
- Mongold, S., 2001b. Tongue River Farm Products. Tongue River Farm, Miles City, Montana, 2 s.
- NASS, 2001. *Sheep report July 2001*. Agricultural Statistics Board, NASS, US Department of Agriculture, Washington D.C., 4 s.
- Stefanía Sveinbjarnardóttir-Dignum, 1986. Icelandic Sheep in Canada. *Black Sheep Newsletter* 48: 1, 7-8.